



Ályktun mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð vill minna á mikilvægi þess að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar við allar fjárhagslegar ákvarðanir, þar með talið ákvarðanir um hagræðingu, í samræmi við reglur borgarinnar og verklag kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Allar fjárhagslegar ákvarðanir og aðgerðir sem hafa áhrif á borgarbúa skal meta með tilliti til kynja- og jafnréttissjónarmiða, og skoða líkleg áhrif þeirra á kynin og aðra þá hópa sem eru tilteknir í mannréttindastefnu borgarinnar.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð leggur áherslu á að þurfi borgin að hagræða í rekstri þá skuli sérstaklega gæta að hagsmunum jaðarsettra hópa og draga fram hvaða áhrif aðgerðir eru líklegar til að hafa á ólaunaða vinnu inni á heimilum.

Niðurskurður eða aukin gjaldtaka í opinberri þjónustu er líklegur til að hafa hvað mest áhrif á þá hópa fólks sem síst mega við og ef ekki er gætt að, þá gæti slíkur niðurskurður leitt af sér aukningu í ólaunuðum heimilis og umönnunarstörfum, sem konur bera enn hitann og þungann af.

Við forgangs röðun og ákvarðanatöku þegar hagræða þarf í rekstri þarf því að kanna ýmis áhrif ákvarðana m.a. á atvinnumöguleika og vinnuaðstæður kynjanna, notendur þjónustu og aðstandendur þeirra. Hér skiptir einnig máli að dýpka greininguna og skoða ekki einungis áhrif á kyn heldur einnig ákveðna hópa fólks, t.d. áhrif á einstæða foreldra, fólk af erlendum uppruna, ellilífeyrisþega, öryrkja, fatlað fólk, lágtekjufólk, o.s.frv. Meta þarf heildaráhrifin, t.d. með því að safna tillögum saman á einn stað og reikna út uppsöfnuð áhrif á ólíka hópa fólks.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er mikilvægt leiðarljós í öllu starfi borgarinnar, og með því að hafa hana til hliðsjónar við ákvarðanatöku varðandi hagræðingu þá stuðlum við að réttlátari skiptingu fjár og aukinni velferð með teknu tilliti til þekkingar á jafnréttismálum og skilningi á stöðu jaðarsettra hópa. Með skilvirkri notkun á jafnréttisskimunum og -mati er unnt að auka gagnsæi, auka hagkvæmni í rekstri og tryggja betri verkferla og stjórnunarhætti, okkur öllum til hags.

Ályktun þessi er send á fjármálahóp borgarinnar, formenn fagraða, sviðsstjóra fag- og kjarnasviða og fjármálastjóra fag- og kjarnasviða.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð